

V. Seglfesta o. fl.

55
1. apríl

Seglfestu má ekki taka í landi bæjarins annarstaðar en þar, er lögreglustjóri leyfir. Eigi má kasta út seglfestu á höfninni, nje heldur flytja á land bæjarins, nema lögreglustjóri leyfi.

Eigi má kasta út aptur akkerum eða öðrum áhöldum eða leyfum af skipum, sem slætt er upp á höfninni, heldur skal flytja slíka muni í land og afhenda lögreglustjóra til löglegrar meðferðar.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. apríl 1905 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 1. apríl 1905.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Útdráttur

56
23. marz

úr fundargjörð sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu á aðalfundi 13.—18. marz 1905.

26. Samkvæmt fyrirmælum amtsins í brjefi dags. 9. marz f. á. ákvað sýslunefndin, að meðalmeðlag af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum í hverjum hreppi sýslunnar frá 14 maí 1904 til jafnlengdar 1909 sje hæfilegt 40 kr. á ári.

Rjettan útdrátt staðfestir

Skrifstofu Húnavatnssýslu 23. marz 1905.

Gísli Ísleifsson.

Breyting

57
10. apríl

á reglugjörð fyrir Norðurisafjarðarsýslu um lækning hunda af bandormum o. fl. 15. marz 1897.

I.

1. málsgrein 2. gr. orðist svo:

Haust hvert í nóvember skal lækning fram fara á öllum hundum í sýslunni.